

Brestir eða brot: Staða varnarsamstarfs Íslands

Samantekt úr hringborðsumræðu sem fór fram 28. janúar 2026.

Varða, í samstarfi við Dag B. Eggertsson, þingmann og formann Íslandsdeildar NATO-þingsins, efndi þann 28. janúar til hringborðs um varnarsamninga og varnarsamstarf. Í bakgrunni voru nýleg ávörp í Davos og sú spenna sem skapast hefur vegna hótana bandarískra stjórnvalda gagnvart Grænlandi og Danmörku og hótanir um hækkun tolla í garð átta bandalagsþjóða. Meginspurning hringborðsins var hvaða ályktanir sé hægt að draga á þessum tímapunkti um styrk og bresti í helstu stoðum öryggis- og varnarmála á Íslandi? Umræður fóru fram samkvæmt Chatham House-reglunni.

Stoðirnar: ein, tvær, eða fleiri?

Upphaf umræðunnar hófst á því að ekki væri gagnlegt að líta á aðild að NATO og varnarsamning við Bandaríkin sem tvær stoðir. Erfitt sé að skilja stoðirnar að, enda ræðst trúverðugleiki beggja af hagsmunum og vilja stjórnvalda í Washington hverju sinni. Staðan nú væri að Ísland gæti ekki treyst á Bandaríkin með sama hætti og áður, og að það væri veik staða fyrir landið að vera jafn háð pólitískum vindum í Washington og raun ber vitni.

Ef réttara væri að tala um varnarsamninginn og NATO-aðildina sem eina stoð var jafnframt bent á að nýjar stoðir væru að mótask samhliða því að varnarmál færðust í auknum mæli í svæðisbundnari farveg. Þátttakendur veltu því fyrir sér hvort samstarf á borð við NORDEFCO og JEF, ásamt öryggis- og varnarsamvinnu við stofnanir Evrópusambandsins (ESB), gæti orðið önnur stoð.

Almenn samstaða var um að óvissa hefur aukist um hve traustar varnartryggingar Bandaríkjanna eru gagnvart Evrópu, en þátttakendur greindi á um hve djúpir brestirnir væru í íslensku samhengi. Í umræðunni mátti helst greina tvær nálganir.

Ein nálgunin var að brestir væru vissulega til staðar, en að „stóllinn væri ekki brotinn“. Enn væri víðtækur stuðningur í Bandarísku stjórnkerfi og stjórnámálum við samstarf yfir Atlantshafið, þótt öðru gæti gegnt um nánustu samverkamenn Bandaríkjaforseta. Varnartryggingar gagnvart Íslandi héldu svo lengi sem bandarísk stjórnvöld teldu sig hafa hag af því. Landfræðileg og hernaðarleg staða Íslands væri þannig að Bandaríkin hefðu áfram hagsmuni af því að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Íslandi. Ísland væri til dæmis ekki í sömu stöðu og ríki á austurvæng NATO, þar sem ógnin er nær, viðbúnaður dýrari og ný viðhorf innan Bandaríkjastjórnar vekur spurningar um hvernig Bandaríkin skilgreini hagsmuni sína og samskiptin við Evrópu og Rússland.

Hin nálgunin var að rof hefði orðið í samskiptum við Bandaríkin. Ef brestir kæmu fram í bandalaginu kæmu þeir einnig fram á Íslandi. Meira máli skiptir hvort stjórnvöld í Moskvu og Peking teldu að varnartryggingar Bandaríkjanna væru enn til staðar. Ef þær væru ekki taldar traustar á austurvæng NATO, hvers vegna ættu þær þá að teljast traustar á Íslandi?

Að sama skapi var almenn samstaða um að almannavarnir ættu að teljast grunnstoð í öryggis- og varnarmálum Íslands. Helstu ógnir sem steðja að Íslandi eru ekki beinar hernaðaraðgerðir, heldur fjölþættar ógnir og skemmdarverk. Geta og bjargir hér heima fara sívaxandi og skipta sköpum til að mæta slíkum ógnum þegar á reynir, og ef til þess kemur geta almannavarnir jafnframt kallað alla landsmenn til viðbragðs. Alþjóðleg samvinna á þessu sviði og varnarviðbúnaður byggði ekki síst á samstarfi við borgarlegar stofnanir og ESB, fremur en NATO, þótt það skipti einnig máli.

Huga þurfi að öryggi umfram hefðbundnar varnir

Talsverður samhljómur var um mikilvægi þess að líta ekki einungis til varnar-tæknilegra ógna. Íslendingar þyrftu að átta sig á því með hvaða hætti væri hægt að beita þjóð og stjórnvöld þrýstingi og hvernig best væri að haga undirbúningi. Bent var á að efnahagslegt öryggi væri sífellt meira samofið hefðbundnu öryggi.

Óvænt útspil yrði seint hernaðarlegt, heldur fremur efnahagsleg þvingunaraðgerð, óljós inngríp í innanríkismál eða annars konar pólitískur þrýstingur. Önnur hætta sem nefnd var tengdist því að í viðauka við varnarsamninginn eru heimildir fyrir bandarísk stjórnvöld til að taka yfir íslenska lofthelgi við skilgreindar aðstæður, en erfitt sé að meta hvernig slíkum heimildum yrði beitt eða misbeitt í framkvæmd.

Ennfremur, í ljósi þess hve vel nýlegar aðgerðir bandarískra stjórnvalda falla að nýbirtri þjóðaröryggisstefnu landsins, veltu þátttakendur fyrir sér hvort búast mætti við áróðri eða þvingunum sem sneru að innanlandsmálum, til dæmis í tengslum við kosningar eða í málum á borð við hvalveiðar, kynjajafnrétti og réttinn til þungunarrofs. Einnig var velt upp hvort reynt yrði að bera fé á fólk, í líkingu við það sem reynt hefur verið á Grænlandi.

Togstreitan: að standa með gildum eða hafa hljótt um sig

Þegar umræðan barst að því hvernig íslensk stjórnvöld ættu að bera sig að í því umróti sem ríkir kom fram togstreita um hvort skynsamlegra væri að láta lítið fyrir sér fara og forðast að auka á spennu í óstöðugu alþjóðakerfi; eða hvort stjórnvöld ættu að stíga fastar til jarðar og þá á grundvelli þeirra gilda sem utanríkisstefna Íslands byggir á og þeirra gilda sem stofnsáttmáli NATO hvílir á.

Í þessu samhengi var annars vegar bent á að engin ríki í Evrópu settu lengur fram stefnu sína í þeim tón að þau ætluðu að „láta lítið fyrir sér fara“. Hins vegar var áréttað að staða Íslands væri

frábrugðin: nándin við Bandaríkin væri meiri og Ísland jafnframt háðara hernaðarlegri samvinnu við þau, sem kallaði á varfærnari nálgun. Þótt togstreita ríkti útiloka þessar tvær nálganir endilega ekki hvor aðra. Hægt væri að halda lágum prófíl en jafnframt undirbúa sig svo bregðast megi við af festu þegar þörf krefur.

Góður samhljómur var um að lykilatriðið væri að einbeita sér að því sem hægt er að breyta á Íslandi, fremur en að eyða of mikilli orku í að reyna að skilja Trump. Samtalið ætti að hverfast um það sem þarf að gera hér heima: hvað vantar, hvað viljum við, og hvernig stjórnvöld tala við almenning um það sem bíður.

Nokkuð góð samstaða var um að gagnlegt væri ef íslenskir embættismenn tækju fastar á móti en tíðkast hefur í gegnum árin í samskiptum við viðmælendur þeirra í Washington.

Traust til almennings skapi traust til stjórnvalda

Einnig var breið samstaða um að stjórnvöld mættu treysta almenningi betur fyrir upplýsingum um öryggis- og varnarmál. Nefnt var að leyndarhyggja um viðauka varnarsamningsins hefði meðal annars haft þau áhrif að Íslendingar væru ekki vanir að taka þátt í þeirri umræðu.

Því tengt var samhljómur um að íslensk stjórnvöld ættu að birta það ógnarmat sem liggur til grundvallar nýrri öryggis- og varnarstefnu. Bent var á að slíkt mat hefði með réttu átt að liggja fyrir opinberlega áður en stefnan var kynnt, svo forsendur stefnunnar væru almenningi ljósari. Einnig var samhljómur um að stjórnvöld ættu að gera aðgerðaplan, byggt á stefnunni, aðgengilegt almenningi. Að endingu barst umræðan að umbótum á stofnanauppbyggingu öryggis- og varnarmála á Íslandi, meðal annars að þörfinni á öflugri umræðu um þá stofnanagerð sem er í mótun.